

Bstj. 18. október 2011

2. mál Yfirlýsing borgarstjórnar í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla að lesa hérna yfirlýsingu borgarstjórnar í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands í október 2011:

Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands lýsa því yfir að báðir aðilar muni setja fram sameiginlega nýja framtíðarsýn, heildarskipulag og samgöngustefnu fyrir lóðir og svæði Háskóla Íslands í Vatnsmýri.

Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands munu skipa nefnd til að vinna að framangreindum verkefnum og skal hún m.a. taka mið af framtíðarsýn skólans, vinningstillögu um heildarskipulag Vatnsmýrar og aðalskipulagi Reykjavíkur.

Reykjavíkurborg staðfestir viljrði um að Háskóli Íslands geti þróað starfsemi sína og uppbyggingu með samfelldum hætti til austurs í Vatnsmýri þar sem nú er svæði Fluggarða. Viljrðið er með fyrirvara um niðurstöðu skipulagsvinnu og samþykkt deiliskipulag og er háð flutningi flugstarfsemi af svæðinu.

Vestan Suðurgötu eru aðilar sammála um að til framtíðar verði kannaðir möguleikar á fjölbreytilegri landnotkun á svæði Háskóla Íslands, m.a. með möguleikum á skipulagi námsmannaíbúða og annarri aðstöðu fyrir stúdenta. Jafnframt skal rýna svæðið austan Suðurgötu með tilliti til þess að fjölga megi þar stúdentaíbúðum. Samhliða þessu verði gerð uppbyggingaráætlun fyrir háskólasvæðið. Þar skal sett fram forgangröðun á uppbyggingu þess með þetta blandaða byggð að leiðarljósi.

Þá verði mörkuð samgöngustefna fyrir svæðið þar sem gert verði ráð fyrir góðum tengingum almenningssamgangna við það, auk uppbyggingu nets hjólreiðastíga og hjólaskýla. Sérstaklega verði hugað að bílastæðakröfum, samgöngutengingum innan háskólasvæðisins og tengingum við svæði nýs Landspítala og svæði Háskólans í Reykjavík. Tengingar yfir Suðurgötu verði skoðaðar sérstaklega og hún endurhönnuð með mannlíf á háskólasvæðinu og umhverfisgæði í huga og lýsir Reykjavíkurborg sig tilbúna til að kosta endurgerð götunnar í samræmi við nýja hönnun.

Og legg ég þá til að þessi yfirlýsing verði samþykkt. Takk fyrir.

Forseti: Já, takk fyrir það. Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu og þá tekur til máls borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

2. mál Yfirlýsing borgarstjórnar í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Það er jákvætt út af fyrir sig að borgin og háskólinn ætli að mynda með sér samstarf um svæði háskólans í Vatnsmýrinni og hefði betur verið gert fyrr. En ég set ákveðin spurningarmerki við það og vil svona nefna það hérna að þetta skuli gerast með þessum hætti að það komi hérna inn í borgarstjórn viljayfirlýsing sem varðar skipulag mjög stórs og mikilvægs svæðis, án þess að það komi nokkru sinni inn í skipulagsráð. Það hefði verið mjög auðvelt að gera það – leyfa skipulagsráði að fara aðeins yfir þetta. Það er ekkert allt sem að er í þessu orðinn hlutur, ekki allt saman eitthvað sem er alveg augljóst að skuli vera með ákveðnum hætti. Og hér erum við til dæmis að lofa svæði Fluggarða undir starfsemi háskólans sem að ég er sjálfur ekkert endilega viss um að sé svo góð hugmynd. Fyrir þá sem ekki vita þá er svæði Fluggarða eigum við að segja fyrir austan Íslenska erfðagreiningu. Það er einu sinni ekki ljóst hversu stórt þetta svæði er af því að að eru engin lóðamörk að svæði Fluggarða, þannig að við erum hér að lofa lóð sem við vitum ekki hversu stór á að vera. Þannig að ég hefði óskað þess þó svo að það sé leiðinlegt að vera eitthvað að malda í móinn svona á afmæli háskólans, sem er sjálfsagt að við fögnum og gefum einhverja tímamótayfirlýsingu út vegna, þá finnst mér að við hefðum getað staðið betur að þessu.

Þetta loforð eða vilyrði um að háskólinn fái svæði Fluggarða kemur til út af munnlegu loforði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, þáverandi borgarstjóra, frá árinu 2000, ca. 2001 kannski, og síðan aftur fyrir kosningarnar 2002, þar sem að oddviti R-listans og oddviti D-listans kepptust um að lofa háskólanum eins stóru svæði og hægt væri. Í millitíðinni höfum við hins vegar samþykkt til dæmis deiliskipulag af tæknigarðasvæðinu sem var gert núna á þessu kjörtímabili eða vísindagarða, fyrirgefið þið, sem ég held að sé ákaflega gott deiliskipulag, en það eru allir sammála um það að það geti tekið mjög langan tíma í uppbyggingu og þá erum við komin með rosalega stórt svæði, alveg frá Oddagötu niður að húsi Íslenskrar erfðagreiningar og síðan áfram fyrir neðan það hús sem við erum búin að lofa undir framtíðaruppbyggingu Háskóla Íslands. Og ég óttast, bara svo ég segi það hér í heyrandahljóði, að ríkið, þ.e.a.s. háskólinn, muni fara eins með þetta

Bstj. 18. október 2011

risastóra svæði eins og ríkið hefur farið með ótal aðrar lóðir sem við höfum látið ríkið hafa.

Þið sjáið hvernig ríkið hefur farið með lóð Landspítalans sem hefur bara staðið tóm eins og einskismannsland áratugum saman í kringum Landspítalann hér við Hringbraut. Við getum nefnt dæmið í kringum Útvarpshúsið sem ríkið fékk úthlutað til þess að byggja höfuðstöðvar Ríkisútvarpsins. Þar byggði Ríkisútvarpið eitt hús af þremur sem átti að byggja, en borgin einhvern veginn hlýddi ríkinu og lét það fá risastóra lóð og gerði síðan ekkert í því að endurheimta hana þegar að ljóst var að ríkið ætlaði ekki að nota alla lóðina. Og ég óttast það þarna á þessum mikilvæga stað í Vatnsmýrinni séum við núna að lofa rosalega stóru svæði sem þýðir að enginn annar má byggja þar, en þetta verði í uppbyggingu næstu 50 árin og standi semsagt tomt á miðju uppbyggingasvæðinu í Vatnsmýrinni og það er ekki gott.

Þannig að ég hefði viljað að við hefðum farið betur yfir þetta og ég tek fram að þetta er ekki af pólitískum rötum runnið. Ég meina að í skipulagsráði er fullkomin eining, held ég, um þessa sýn sem ég er að lýsa hérna og ég held að við hefðum getað sest niður með háskólanum og séð hvort að það væri kannski einhverjar aðrar lausnir til betri. Þannig að mér hefði fundist það miklu miklu betri vinnubrögð, virðulegi forseti, að þetta hefði farið einn rúntinn í skipulagsráði og að við hefðum fengið að lesa þetta yfir og gera uppbyggilegar athugasemdir, jafnvel hitta háskólann á fundi og svo mundum við samþykkja þessa yfirlýsingu og hún væri miklu sterkari fyrir vikið.

Forseti: Þá hefur Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi lokið máli sínu. Aðrir hafa ekki óskað eftir að taka til máls. Þá munum við bera upp þessa yfirlýsingu sem að borgarstjóri flutti hér áðan í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands, hún er borin hér upp til samþykktar [forseti hringir bjöllu]. Þeir borgarfulltrúar sem vilja samþykkja yfirlýsingu í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands gefi merki. Hún er samþykkt samhljóða. Þá erum við komin í 4. lið á dagskrá borgarstjórnar að þessu sinni sem er umræða um nýja húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2020 og aðgerðir samhliða henni. Þá tekur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir til máls.